AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007, lega þjóðvegar nr. 85 frá Bangastöðum að Víkingavatni.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007 frá 1. september 2000.

Breytingin felst í að legu þjóðvegar nr. 85 á milli Bangastaða og Víkingavatns verði breytt í samræmi við úrskurð Skipulagsstofnunar í mati á umhverfisáhrifum dags. 22. desember 2000 og úrskurð umhverfisráðuneytisins frá 27. júní 2001.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Kelduneshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 17. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 798 16. október 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundalóða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag frístundalóða í Grímsnesi skv. eftirfarandi:

a) Deiliskipulag frístundabyggðar undir 56 hús í landi Ásgarðs (Búgarður ehf.).
b) Deiliskipulag í landi Búrfells II, götuheiti: Grensás og Þrengslaás.
c) Deiliskipulag í landi Reykjaness.
d) Deiliskipulag fyrir byggðahverfið að Sólheimum.

Ofangreint öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 16. október 2001.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.